

Föstudaginn 18. mars 1983.

Nr. 90/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurgeiri Gunnarssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Skilasvik. Gjaldþrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og settur hæstaréttardómari Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 16. mars 1972. Hann krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd. Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing verði lækkuð.

Ágrip máls barst Hæstarétti 2. september 1982.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var ákærði úrskurðaður gjaldþrota hinn 9. ágúst 1978. Hinn 29. ágúst s. á. kom ákærði fyrir skiptarétt Reykjavíkur sem „þrotamaður“, svo sem bókað er í þingbók. Skýrði hann þar frá eignum sínum og skuldum, en í þingbók er hvorki bókað, að hann hafi verið áminntur um sannsögli né að honum hafi verið leiðbeint. Allt um það gat honum ekki dulist, að á honum hvíldi lagaskylda um að skýra tæmandi frá eignum sínum og skuldum. Sannað er, að hann dró undan eignatali bifreið þá, sem greinir í ákæruskjali, en þá bifreið seldi hann í mars 1979 og hagnýtti sér söluandvirðið. Með þessu atferli þykir ákærði hafa gerst sekur um brot á 250. gr., 4. tölulið, 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem tæmir sök.

Ákærði sætti skilorðsbundinni refsingu með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1977, og var skilorðstími 3 ár frá uppsögu dómsins að telja. Hinn 25. janúar 1980 var skiptaréttur Reykjavíkur háður og fyrir tekið: „Framhald uppskriftar í þb. nr. 54/1978 Sigurgeir Gunnarsson, sem úrskurðaður var gjaldþrota 9. ágúst 1978“. Dómping þetta var háð í tilefni af bréfi nafngreinds lögmanns, er var umboðsmaður eins kröfuhafans, sem lýst hafði kröfu í bú ákærða, en lögmaðurinn vakti athygli skiptaréttarins á bifreið

þeirri, sem málið fjallar um og þrotamaður hafði ekki greint frá við uppskrift í búinu. Skýrði ákærði frá því, hvernig hátað væri um bifreið þessa og hvers vegna hann hefði ekki talið sér skylt að geta hennar. Ákærði var áminntur um sannsögli eftir því sem bókað er í þingbók, en eigi var vísað til 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974. Framangreint bréf lögmannsins var ekki kærubréf, enda því eigi beint til rannsóknarlögreglu. Í þinghaldinu í skiptaréttinum var ákærði ekki hafður fyrir sökum vegna refsiverðs brots, og dómprófin beindust ekki gegn honum sem grunuðum um tiltekið refsismæli. Ákvæði 60. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, 6. og 7. gr., um, að réttarrannsókn út af broti stöðvi skilorstíma, þykir eiga að lögskýra svo, að réttarrannsóknin verði að beinast gegn dómfelldum manni sem sökunaut, sbr. nú lög 20/1981, 1. gr., er breytir 1. mgr. 59. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955, 6. gr. Samkvæmt þessu fól þinghaldið í skiptarétti 25. janúar 1980 eigi í sér réttarrannsókn, er rofið gæti skilorðstíma samkvæmt dóminum frá 3. nóvember 1977. Réttarrannsókn út af broti því, sem hér er til úrlausnar, hófst í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. janúar 1982. Þá var refsing sú, sem ákærða var dæmd skilorðsbundið hinn 3. nóvember 1977, fallin niður. Sakarefni, sem um var dæmt í þeim dómi, kom því eigi til álita við refsíákvörðun í máli þessu.

Refsing ákærða samkvæmt 250., gr. 4. tl., 1. mgr., almennra hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 5.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurgeir Gunnarsson, sæti 2 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóðs, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóm Reykjavíkur 25. febrúar 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 25. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 56/1982: Ákærvaldið gegn Sigurgeiri Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. júlí 1981, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Sigurgeiri Gunnarssyni húsamiðameistara, Bakkaseli 27, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. júní 1944, fyrir að hafa við uppskrift á eignum og skuldum í þrotabúi ákærða þann 29. ágúst 1978 vanrækt að segja til um bifreiðina R 60096, Jeep Cherokee árgerð 1975, sem ákærði eignaðist 19. júní 1978 með afsali frá Mótör h/f, Lauga-vegi 118, Reykjavík, en umsamið kaupverð var kr. 2.800.000. Ennfremur fyrir að hafa selt sömu bifreið þann 30. mars 1979 Benedikt Arasyni, Kleppsvegi 134, Reykjavík, þá einnig án vitneskju skiptaráðanda, en bú hans var þá enn umdir skiptum vegna gjaldþrots.

Telst þetta varða við 250. gr., 2.—4. tl., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1963 20/4 Reykjavík: Sátt, 7.600 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og tolllögum.
- 1963 18/5 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.
- 1966 16/9 Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaga.
- 1974 2/12 Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga.
- 1977 19/1 Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga.
- 1977 3/11 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga.
- 1978 16/10 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
- 1980 23/10 Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 209. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn 9. ágúst 1978 var bú ákærða, Sigurgeirs Gunnarssonar, tekið til gjaldþrotsskipta að beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hinn 29. sama mánaðar fór fram í skiptaréttinum upp-

skrift á eignum og skuldum búans. Segir svo í framburði ákærða við uppskriftina:

„Mættur kveðst ekki skulda aðrar skuldir en skuld við skiptabeiddanda. Mættur kveðst stunda sjálfsæðan atvinnurekstur sem byggingameistari. Mættur er kvæntur og telur á framfæri sínu tvö börn.

Aðspurður um eignir kveðst þrotamaður eiga bifreiðina R-33479, Fiat 127 árg., 1973, bifreiðina R-57852, Sunbeam Arro, árg. 1970, auk venjulegs innbús.

Upp var skrifað plötuspilari og útvarp, Fidelity, kr. 60.000.-. Ekki var fleira skrifað né virt, enda innan frátökuréttar að mati heitfestra matsmanna.

Mættum var nú bent á, að óheimilt væri að ráðstafa uppskrifuðum munum án samráðs við skiptaréttinn.

Bifreiðin R-33479 var virt á kr. 300.000, en bifreiðin R-57852 á kr. 150.000.“

Hinn 14. janúar 1980 ritaði Brynjólfur Kjartansson hæstaréttarlögmaður skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, þar sem segir, að samkvæmt upplýsingum Brunabótafélags Íslands hafi ákærði haft bifreiðina R 60096 í tryggingum hjá félaginu frá því fyrir gjaldþrot og til 30. ágúst 1979, er hann seldi hana til Akureyrar. Hafi bifreiðin ekki komið fram við uppskrift á þrotabúi ákærða.

Ákærði Sigurgeir mætti í skiptaréttinum hinn 25. sama mánaðar og var inntur eftir framangreindri bifreið. Hann skýrði frá því, að hann hefði á sínum tíma átt bifreið með skrásetningarnúmerinu R 60096. Bifreið þessi hefði verið af gerðinni Cherokee af árgærd 1975. Kvaðst hann hafa selt bifreiðina manni hér í Reykjavík fyrir kr. 2.300.000, að því er hann minnir, en maður þessi síðan selt bifreiðina til Akureyrar.

Ákærði var spurður, hvort hann hefði átt bifreiðina, er uppskrift fór fram á heimili hans hinn 29. ágúst 1978. Kvaðst hann þá ekki hafa átt þessa bifreið, en hann minni, að hann hefði eignast hana í september eða október þetta ár. Hann hefði keypt bifreiðina af Mótor h/f, sem er dótturfyrirtæki Egils Vilhjálmssonar h/f, og kaupverðið verið kr. 2.500.000. Greiddi hann ekkert út, er kaupun fóru fram, en samþykkti vixla fyrir öllu kaupverðinu.

Ákærði var spurður, hvort hann kynni skýringu á því, sem haldið er fram í bréfi Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, að hann hafi verið með bifreiðina R 60096 í tryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands frá því fyrir gjaldþrot þar til 30. ágúst 1979. Ákærði tók fram, að hann hefði selt bifreiðina í maímánuði 1979 og ekki vitað betur en kaupandinn hefði látið skrá hana á sitt nafn. Kaupandinn heiti Benedikt Arason, Kleppsvegi 134, Reykjavík, og hefði hann ætlað að tryggja bifreiðina strax á sínu nafni.

Geti vel verið, að hann hafi greitt tryggingu af bifreiðinni án þess að breyta nafnskráningunni hjá tryggingarfélaginu. Ákærði sagðist ekki muna nákvæmlega, hvenær hann keypti þessa bifreið.

Ákærði var spurður, hvort hann hefði ekki gert sér ljóst, er uppskrift fór fram á eignum hans hinn 29. ágúst 1978, að honum bæri skylda til að segja til um allar eignir sínar. Ákærði sagði, að ef hann hefði þá verið búinn að eignast umrædda bifreið, hefði hann skuldað allt andvirði hennar, þannig að það hefði átt að koma út á eitt.

Borgarfégetaembættið sendi ríkissaksóknara mál þetta með bréfi, dags. 11. apríl 1980, og ríkissaksóknari sendi rannsóknarlögreglu það til rannsóknarmeðferðar með bréfi, dags. 27. ágúst sama ár. Hóf rannsóknarlögreglan rannsókn málsins hinn 9. september 1980. Í skýrslu rannsóknarlögreglunnar segir, að aflað hafi verið tölvuútskriftar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins vegna bifreiðarinnar R 60096, sem er af gerðinni Jeep Cherokee S. Á útskriftinni komi fram, að þann 30. mars 1979 hefði Sigurgeir Gunnarsson, Vesturbergi 148, selt bifreiðina R 60096 Benedikt Arasyni, Kleppsvegi 134. Sigurgeir hafði keypt þessa bifreið samkvæmt bifreiðaskrá þann 19. mars 1979 af Mótör h/f, en eigandi þar á undan verið Guðlaugur Óskarsson, Túngötu 16, Keflavík, og var skráningarnúmer bifreiðarinnar þá Ö 3682.

Þá var leitað til Bifreiðaeftirlits ríkisins í Keflavík til að fá upp dagsetningu sölutilkynningar þeirrar, sem gerð var, er Mótör h/f seldi Sigurgeiri Gunnarssyni bifreiðina Ö 3682, en afsal vegna þeirra viðskipta er dagsett 19. júní 1978. Kaupdagur Sigurgeirs Gunnarssonar var samkvæmt tölvuútskrift Bifreiðaeftirlitsins 19. mars 1979.

Frammannefnd sölutilkynning um Ö 3682 er dagsett 19. júní 1978. Eins og áður greinir, er kaupdagur sagður annar í skrá Bifreiðaeftirlitsins, en á því var sögð sú skýring, að á þessum tíma hefði kaupdagur verið sagður, þegar bifreiðin var umskráð, en ekki byggt á dagsetningu sölutilkynningar, eins og nú væri gert.

Á skrifstofu Egils Vilhjálmssonar og Mótors h/f að Laugavegi 116 hér í borg voru veittar þær upplýsingar, að Mótör h/f hefði þann 19. júní 1978 selt Sigurgeiri Gunnarssyni bifreiðina Ö 3682. Kaupverðið var kr. 2.800.000, og greiddi Sigurgeir það með þrem víxlum sem hér segir:

1. Vixli að fjárhæð kr. 1.000.000 með gjalddaga 25. ágúst 1978, samþykktum af Magnúsi Erni Tryggvasyni, Skólagerði 13, Kópavogi.
2. Vixli að fjárhæð kr. 1.000.000, með gjalddaga 25. október 1978, samþykktum af sama manni.
3. Vixli að fjárhæð kr. 800.000, með gjalddaga 5. desember 1978, samþykktum af Ragnari J. Jónsyni, Engjaseli 63, Reykjavík.

Ákærði var sjálfur útgefandi víxlanna.

Samkvæmt ljósriti af afsali, dags. 19. júní 1978, sem lagt hefur verið

fram í málinu, selur Mótör h/f Sigurgeiri Gunnarssyni bifreiðina Ö 3682 fyrir kr. 2.800.000, og er kaupverð sagt að fullu greitt við undirritun afsals.

Ákærði gaf út tryggingarbréf sama dag og afsalið er dagsett, þar sem hann setti bifreiðina R 60096 að veði til tryggingar framangreindum víxlum.

Ákærði hefur skýrt svo frá því fyrir dómi, að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 9. ágúst 1978 að beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Ákærði kom fyrir skiptaréttinn 29. sama mánaðar og gaf upplýsingar um eignir sínar og skuldir. Ákærði staðfesti framburð sinn fyrir skiptarétti. Hann tók þó fram, að hann myndi ekki eftir því að hafa sagt fyrir skiptarétti, að hann skuldaði ekki aðrar skuldir en skuld við skiptabeiðanda. Ákærði kveðst hafa skýrt frá um eignir sínar eins og fram kemur í framburði hans.

Hinn 25. janúar 1980 var ákærði kvaddur fyrir skiptarétt Reykjavíkur vegna bifreiðarinnar R 60096, sem hann hafði keypt á árinu 1978, áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta.

Ákærða voru kynnt skjöl, er varða kaup hans á framangreindri bifreið og lögð hafa verið fram í málinu. Hann kvaðst hafa keypt bifreiðina af Mótör h/f, Laugavegi 118, hinn 19. júní 1978, sbr. afsal, dagsett þann dag. Kaupverðið var kr. 2.800.000, og greiddi ákærði það að öllu leyti með víxlum. Tveir af víxlunum, hvor að fjárhæð kr. 1.000.000, með gjalddögum 25. ágúst og 25. október 1978, voru samþykktir af Magnúsi Erni Tryggvassyni, Æsufelli 4, en sá þriðji, að fjárhæð kr. 800.000, með gjalddaga 5. desember 1978, var samþykktur af Ragnari J. Jónssyni, Engjaseli 63. Ákærði var útgefandi á öllum víxlunum. Ákærði setti bifreiðina R 60096 að veði til tryggingar víxlunum, sbr. tryggingarbréf, dags. 19. júní 1978. Ákærði kveðst hafa fengið víxlana frá þeim Magnúsi Erni og Ragnari sem greiðslu á vinnulaunum. Víxillinn með gjalddaga 25. ágúst 1978 hafði ekki verið greiddur, þegar ákærði mætti í skiptaréttinum 29. ágúst, og hafði samþykkjandi sagt, að hann ætlaði ekki að greiða hann strax. Víxill þessi var greiddur um það bil mánuði eftir gjalddaga, en þó þannig, að hann var framlengdur að hluta.

Ákærði kveðst ekki hafa gefið bifreiðna R 60096 upp sem eign í skiptaréttinum 29. ágúst 1978, þar sem hann leit svo á, að hún væri öll í skuld og því í rauninni ekki um eign að ræða. Víxlarnir voru tryggðir með veði í bifreiðinni, og gat Mótör h/f gengið að henni hvenær sem var, ef þeir voru ekki greiddir. Ákærði kveður víxla með gjalddögum 25. október og 5. desember 1978 hafa verið greidda á gjalddögum. Ákærði kveðst hafa selt manni að nafni Benedikt Arason bifreiðina 30. mars 1979 gegn staðgreiðslu.

Niðurstöður.

Svo sem að framan er rakið, var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 9. ágúst 1978. Hinn 29. sama mánaðar kom ákærði fyrir skiptaréttinn og var spurður um eignir og skuldir. Ákærði gaf ekki upp, að hann væri eigandi bifreiðarinnar R 60096. Bifreið þessa hafði hann þó eignast skv. afsali 19. júní sama ár, eins og að framan greinir, og greitt hana með víxlum, sem þeir Magnús Örn Tryggvason og Ragnar J. Jónsson voru samþykkjendur að. Ákærði átti bifreiðina til 30. mars 1979, en seldi hana þá Benedikt Arasyni gegn staðgreiðslu án vitundar skiptaréttarins. Þykir ákærði með framangreindri háttsemi hafa orðið brotlegur gegn 3. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hlaut með dómi sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1977 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Réttarrannsókn hófst fyrir skiptaréttinum hinn 25. janúar 1980 vegna framangreinds brots, eða áður en skilorðstíma skv. dóminum lauk.

Er því rétt skv. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981 og 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma brot þau, er ákærði hlaut dóm fyrir 3. nóvember 1977 með broti því, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu. Þykir refsing ákærða skv. því hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 7 mánaða fangelsi. Samkvæmt 57. gr. sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu 5 mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurgeir Gunnarsson, sæti fangelsi í 7 mánuði, en fullnustu 5 mánaða af refsingunni þykir mega fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóm þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.